

Miðvikudaginn 12. október 1988.

Nr. 261/1987. J. Hinriksson hf.

(Eiríkur Tómasson hrl.)

gegn

rikissjóði og

Þróunarsamvinnustofnun Íslands

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Samningar. Lausafjárkaup. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20 gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum 96.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 12. apríl 1984 til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. febrúar 1985, með mánaðarvöxtum af sömu fjárhæð svo sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til 1. mars 1987, 2,5% frá þeim degi til 14. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara krefjast þeir þess, að málskostnaður fyrir báðum dómstigum verði felldur niður.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, þá deila aðilar um það, hvort fyrirvarsmenn stefndu, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, hafi gert bindandi pöntun á flotvörpuhlerum á fundi með framkvæmdastjóra áfrýjanda 23. janúar 1984.

Áfrýjandi heldur því fram til stuðnings staðhæfingu sinni um að bindandi kaup hafi komist á milli aðila, að það sé venja bæði hjá sér og öðrum þeim aðilum, sem stunda hliðstæð viðskipti, að gera pantanir munnlega og að skriflegar pantanir séu aðeins gerðar í

undantekningartilvikum. Þá hafi hann og skrifað niður pöntunina á fyrrgreindum fundi. Umrædda flotvörpuhlera hafi þurft að sérsmíða vegna afbrigðilegrar stærðar þeirra, og styðji það einnig þá staðhæfingu, að bindandi kaup hafi komist á. Þá heldur áfrýjandi því fram, að fyrirsvarsmenn stefndu hafi verið búnir að panta flotvörpu hjá Hampiðjunni hf., áður en umræddur fundur átti sér stað.

Pöntun sú, sem áfrýjandi skráði niður á þar til gert eyðublað, er óstaðfest, þótt gert sé ráð fyrir samþykki kaupanda á eyðublaðinu. Það verður að teljast óvarlegt af áfrýjanda að láta fyrirsvarsmenn stefndu ekki staðfesta pöntunina, enda í þessu tilviki um sérsmíði að ræða, en að sögn áfrýjanda voru þeir viðstaddir, er hann skráði pöntunina. Á pöntunareyðublaðinu er ekkert upplýst um það hvenær afhenda skyldi hlerana eða um verð þeirra. Gegn eindregnum andmælum starfsmanna stefndu verður að telja ósannað, að þeir hafi gert bindandi pöntun á hinum umdeildu flotvörpuhlerum. Samkvæmt þessu, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum áfrýjanda í máli þessu.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, utanríkisráðherra og Þróunarsamvinnustofnun Íslands, skulu vera sýkn af öllum kröfum áfrýjanda, J. Hinrikssonar hf., í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1986.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 9. desember sl., er höfðað af vélaverkstæði J. Hinrikssonar hf., Súðarvogi 4, Reykjavík, nnr. 9175-4398, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og utanríkisráðherra, báðum vegna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Rauðarárstíg 25, Reykjavík, nnr. 9842-7547, svo og framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands vegna stofnunarinnar.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda kr. 96.000,00 ásamt 19% ársvöxtum frá 12. apríl

til 6. desember 1984, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, gegn afhendingu á einu pari af flotvörpuhlerum, 5 m² að stærð, sem stefnandi hefur smíðað fyrir stefnda Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi allra stefndu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II

Málsatvik kveður stefnandi vera þau að í janúarmánuði 1984 hafi þeir Jóhannes Guðmundsson og Halldór Lárusson komið á fund Jósafats Hinrikssonar, framkvæmdastjóra stefnanda, og rætt við hann um kaup á tveimur pörum af toghlerum og einu pari af flotvörpuhlerum fyrir R.S. Feng, sem hafi átt að gera út til fiskveiða frá Grænhöfðaeyjum á vegum stefndu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Muni Jóhannes hafa verið ráðinn verkefnisstjóri stofnunarinnar þar syðra en Halldór ráðinn skipstjóri á greint skip.

Hafi þeir Jóhannes og Halldór pantað hjá stefnanda bæði toghlera og flotvörpuhlera, enda hafi Jósafat skráð hjá sér pöntun eftir fyrirsögn þeirra. Hafi ennfremur verið um það rætt að Jósafat hefði samband við Guðmund Gunnarsson, sölustjóra hjá Hampiðjunni hf., en það fyrirtæki hafi tekið að sér að gera flotvörpu fyrir R.S. Feng. Hafi þetta verið nauðsynlegt til þess að fá uppgefna stærð á hlerunum. Stærð slíkra hlera sé mjög breytileg, og séu þeir flotvörpuhlerar sem stefnandi selji því sérsmíðaðir hverju sinni.

Þegar stærð flotvörpuhleranna lá fyrir hafi stefnandi smíðað þá í samræmi við fyrrgreinda pöntun. Þegar stefnandi ætlaði að afhenda hlerana hafi fyrirsvarsmenn Þróunarsamvinnustofnunar neitað að taka við þeim, og kváðust þeir aldrei hafa pantað þá og neituðu að greiða kaupverð þeirra.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þessi:

Því sé haldið fram að fyrirsvarsmenn stefndu Þróunarsamvinnustofnunar Íslands hafi berum orðum pantað umrædda toghlera í janúarmánuði 1984, nánar tiltekið hinn 23. janúar. Með hliðsjón af meginreglum um samningagerð o.fl. nr. 76/1936 og lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922, sbr. einkum 1. mgr. 2. gr. þeirra laga, hafi komist á kaup á hlerunum milli aðilja máls þessa, og séu þeir báðir við kaupin bundnir lögum samkvæmt. Þar sem kaupandinn hafi enn ekki greitt kaupverð hins keypta, eigi stefnandi sem seljandi ekki annars úrkosti en að fá stefndu dæmda til að inna af hendi

kaupverðið ásamt lögleyfðum vöxtum gegn því að afhenda hið selda, sbr. l. mgr. 28. gr. l. nr. 39/1922.

Sannist ekki við aðilja- og vitnaleiðslur í máli þessu að umræddir hlerar hafi verið pantaðir berum orðum, líti stefnandi engu síður svo á að kaup hafi gerst milli málsaðilja. Byggi hann það á framkomu fyrirsvarsmanna Þróunarsamvinnustofnunarinnar þegar kaupin voru rædd. Hafi þeim verið það ljóst eða a.m.k. mátt vera það ljóst, að stefnandi þyrfti að sérsmíða hlerana og myndi byrja á því verki þegar Jósafat Hinriksson hefði aflað upplýsinga um stærð þeirra. Jóhannes Guðmundsson hafi lýst því yfir að þeir myndu hafa samband við hann síðar. Hafi Jósafat þar með mátt ætla að pöntun hafi verið gerð. Þar sem síðan ekkert samband hafi verið haft fyrr en stefnandi ætlaði að afhenda hlerana fullgerða haldi stefnandi því fram með vísan til þess sem á undan var gengið að kaup hafi verið komin á svo skuldbindandi sé fyrir báða aðilja.

Það sé ekki venja, hvorki hjá stefnanda né öðrum þeim sem selji búnað í fiskiskip, að pantanir séu staðfestar með undirskrift eða á annan hátt. Þvert á móti sé allalengst að búnaður sé pantaður munnlega, t.d. gegnum síma.

Fyrir liggi skrifleg pöntun sem Jósafat Hinriksson tók niður eftir fyrirsögn þeirra Jóhannesar Guðmundssonar og Halldórs Lárússonar. Pöntun þessi, sem dagsett sé 28. janúar 1984, beri glöggst með sér að pöntuð hafi verið 2 pör af toghlerum og 1 par af flotvörpuhlerum. Þróunarsamvinnustofnunin hafi viðurkennt að hafa pantað toghlerana, enda tekið við þeim og greitt andvirði þeirra að fullu.

Fyrirsvarsmenn Þróunarsamvinnustofnunarinnar hafi borið því við að ekki hafi verið afráðið, þegar þeir ræddu um kaup á umræddum flotvörpuhlerum, að R.S. Fengur yrði gerður út á flotvörpuveiðar. Þessum fyrirlætti af hálfu stofnunarinnar vísi stefnandi algjörlega á bug. Greint skip hafi frá upphafi verið útbúið til flotvörpuveiða, enda hafi flotvarpa verið pöntuð hjá Hampiðjunni hf. um svipað leyti og kaupin á hlerunum voru rædd við stefnanda. Síðar hafi svo verið keyptir flotvörpuhlerar, framleiddir í Frakklandi, án þess að haft væri samband við stefnanda og honum tilkynnt um það.

Stefnandi geri kröfu um andvirði flotvörpuhleranna sem hafi numið kr. 96.000,00 þegar hlerarnir skyldu afhentir. Hafi stefnandi boðist til að gefa Þróunarsamvinnustofnuninni 25% afslátt af kaupverðinu, en það tilboð hafi byggt á því að kaupverðið yrði greitt þegar í stað eða að minnsta kosti um það samið. Að öðru leyti vísist í 5. gr. l. nr. 39/1922 að því er varði upphæð kaupverðs.

Vaxtakrafa stefnanda sé reist á ákvörðunum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir og fleira, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961, sbr. og VII. kafla l. nr. 13/1970.

Í 1. gr. l. nr. 43/1981 um Þróunarsamvinnustofnun Íslands segi að starfa skuli opinber stofnun með þessu heiti. Heyri hún undir utanríkisráðuneytið og starfi í tengslum við það. Í 8. gr. laganna segi að kostnaður við stofnuna og framkvæmdir á hennar vegum í þróunarlöndum greiðist úr ríkissjóði. Samkvæmt þessum lagaákvæðum sé fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, utanríkisráðherra og stofnuninni sjálfri stefnt í máli þessu.

Málsástæður og lagarök stefndu eru þau að engin kaup hafi komist á, hvorki berum orðum né með öðrum hætti. Á dskj. nr. 5 sé að finna bréf framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Þórs Guðmundssonar. Þar komi fram að bæði Halldór Lárusson skipstjóri og Jóhannes Guðmundsson verkefnisstjóri neiti alfarið að hafa pantað umrædda hlera. Einungis hafi verið rædd hugsanleg kaup á botnvörpu- og flotvörpuhlerum, en á þessu stigi hafi alls engin pöntun verið gerð. Dskj. nr. 8 og 13 beri með sér hvað raunverulega gerðist á fundi þeirra með Jósafat Hinrikssyni þann 23. janúar 1984. Því fari viðs fjarri að stefnanda hafi tekist að færa sönnur á það að samið hafi verið um kaup á umræddum hlerum á nefndum fundi.

Á því hvað stefnandi kunni að hafa skrifað hjá sér á fundinum eða eftir hann, sbr. dskj. nr. 3, að því er best verði séð án vitneskju starfsmanna Þróunarsamvinnustofnunar og án þeirra samþykkis um efni þess, geti stefndu ekki borið ábyrgð. Slíkt feli ekki í sér sönnun af nokkru tagi.

Þeirri ályktun stefnanda í stefnu, að framkomu vitnanna tveggja á umræddum fundi megi túlka svo að bindandi samningur hafi komist á, sé mótmælt. Þvert á móti bendi það atriði, að ætlunin hafi verið að hafa samband við Jósafat síðar, til þess að málið hafi ekki verið útrætt þarna og því ekkert ákveðið. Þá bendi ekkert til þess að stefnandi hafi fengið sjálfðæmi um stærð hleranna eða aðra gerð.

Því sé eindregið mótmælt að þær venjur hafi skapast í viðskiptum að ekki þurfi að staðfesta pantanir með undirskrift eða á annan hátt. Þá sé á það bent að á eyðublaði því sem stefnandi noti til að færa á pantanir sé gert ráð fyrir samþykki kaupenda, en skjal þetta sé einhliða útbúið af stefnanda.

Þá sé því mótmælt að stefndi Þróunarsamvinnustofnun Íslands hafi keypt flotvörpu um svipað leyti og áður nefndur fundur var haldinn með Jósafat þann 23. janúar; hið rétta sé að flotvarpan hafi ekki verið pöntuð fyrr en 30. apríl 1984, sbr. dskj. nr. 14. Einnig þetta atriði mæli eindregið gegn fullyrðingum stefnanda um málavexti og kröfugerð.

Eftir fundinn í janúar hafi starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar ekkert heyrt frá stefnanda sem gefið hafi þeim tilefni til viðbragða af nokkru tagi. Slíkt hafi ekki gerst fyrr en löngu síðar, þ.e. þegar kröfur um greiðslu voru fram settar og hlerarnir lágu fyrir tilbúnir. Þessar kröfur stefnanda hafi komið stefndu gjörsamlega á óvart.

Visað sé til meginreglna laga um samningsgerð, sbr. I. kafla l. nr. 7/1936 eftir því sem við geti átt.

III

Ágreiningur í máli þessu snýst um það hvort gerð hafi verið bindandi pöntun á flotvörpuhlerum af hálfu stefnda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á fundi með framkvæmdastjóra stefnanda Jósafat Hinrikssyni þann 23. janúar 1983.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslur Jósafat Hinriksson, Atli Jósafatsson stjórnarmaður stefnanda, Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Jóhannes Guðmundsson skipstjóri og Guðmundur Gunnarsson sölustjóri hjá Hampiðjunni.

Stefnandi hefur lagt fram sem dskj. nr. 3 pöntun, skráða á þar til gert eyðublað sem framkvæmdastjóri stefnanda kveðst hafa skráð eftir fyrir sögn starfsmanna stefnda Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á fundinum 23. janúar 1984. Pöntun þessi er óstaðfest, þrátt fyrir það að á eyðublaðinu sé gert ráð fyrir samþykki kaupanda. Þá upplýstist við yfirheyrslur fyrir dómi að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar sáu pöntunina ekki í þessu formi og var hún ekki borin undir þá á fundinum.

Á dskj. nr. 3 er skráð pöntun á umdeildum flotvörpuhlerum og að auki á 2 pörum af Poly-Is toghlerum nr. 3 - 500 kg.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að síðargreindu hlerarnir hafi verið keyptir og greiddir stefndu, sem styðji það að umrædd pöntun hafi verið gerð á fundinum á þann hátt er á dskj. nr. 3 greinir.

Við yfirheyrslur fyrir dómi kom fram að stefndu fengu fyrst sent til reynslu eitt par af Poly-Is toghlerum, eins og tilgreindir eru á dskj. nr. 3, en síðan var því pari skilað og keypt tvö pör af stærri hlerum. Ekki verður á það fallist að þetta atriði styðji framburð stefnanda um bindandi pöntun á hinum umdeildu flotvörpuhlerum.

Gegn andmælum stefndu þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, hvorki með framlögðum gögnum né framburði aðilja og vitna fyrir dómi, að starfsmenn Þróunarsamvinnustofnunar hafi á fyrrnefndum fundi, beint eða óbeint með framkomu sinni, gert bindandi pöntun á flotvörpuhlerum þeim sem mál þetta snýst um. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 32.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, J. Hinrikssonar hf., í máli þessu.

Stefnandi, J. Hinriksson hf., greiði stefndu, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, kr. 32.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. október 1988.

Nr. 320/1988. **Ákærvaldið**
 gegn
Agnesi Eypórsdóttur
og Magnúsi Jónssyni

Kærumál. Frávisunardómur felldur úr gildi. Réttarfar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða frávisunardómi til Hæstaréttar með kæru 29. september sl. Hann krefst þess, að frávisunardómurinn verði felldur úr gildi og héraðsdómara dæmt skylt að kveða upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali útgefnu 15. september sl.

Varnaraðilar hafa krafist þess að hinn kærði frávisunardómur verði staðfestur.

Á dómþingi 28. september sl. birti sakadómari sakborningum ákæru í máli þessu og skýrði þeim síðan frá því, að þau myndu ekki verða yfirheyrð um sakargiftir, heldur yrði málið strax tekið til dóms. Málið var síðan dómtekið og vísað sjálfkrafa frá dómi.

Samkvæmt 3. mgr. 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976, annast lögreglan (Rannsóknarlögregla ríkisins)